

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um merkingu varðskipa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvers vegna er varðskipið Týr merkt „Coast Guard“ á báðum síðum skipsins í stað „Landhelgisgæslan“ eftir nýlegar endurbætur á skipinu í Póllandi?
2. Verða önnur varðskip Landhelgisgæslunnar merkt á ensku í stað íslensku eins og verið hefur?
3. Verða tæki og búnaður löggæslunnar, svo sem lögreglubílar og lögreglustöðvar, framvegis merkt á ensku en ekki íslensku?